

Lóð fyrir veitingahús á Álftanesi

Skilmálar umsóknar

Almennt

Garðabær auglýsir eftir frá áhugsömum aðilum til að byggja og starfrækja veitingahús á lóð við Breiðumýri 2 á Álftanesi. Lóðin er 2.350 m² að stærð og er heimilt að byggja á henni veitingahús sem er allt að 340 m² að stærð.

Lóðin er á opnu svæði á horni Suðurnesvegur og Breiðumýrar en á svæðinu á sér stað uppbygging nýs íbúðarkjarna með um 250 nýjum íbúðum

Um nánar skipulagsskilmála lóðarinnar er vísað til meðfylgjandi skipulagsuppráttanna.

Lágmarksverð fyrir byggingarrétt er kr. 15.000.000 (miðað við BVT í mars 2024) Gatnagerðagjöld verða greidd við útgáfu á byggingarleyfi.

Umsókn

Umsókn skal skilað til þjónustuvers Garðabæjar í Ráðhúsinu, Garðatorgi 7 í síðasta lagi 30. apríl 2024 kl.16:00

Með umsókn skal skila eftirtöldum gögnum:

- Upplýsingar um umsækjanda:
 - Fullt nafn umsækjanda og kennitala
 - Ef um fyrirtæki er að ræða skal útskrift úr hluthafaskrá fylgja
 - Upplýsingar um fjárhag umsækjanda (t.d. í formi útskriftar frá Creditinfo).
- Greinargerð um væntanlegan veitingarekstur:
 - Lýsing á hugmyndum um starfsemi veitingastaðar
 - Rekstrar- og fjármögnunaráætlun vegna veitingarrekstrar
 - Áætlun um framkvæmdir sem sýnir tímasetningar megináfangna í uppbyggingu veitingastaðar
- Hugmyndir um byggingu:
 - Lýsing á hugmyndum um gerð og útlit byggingar, studd með skissum eða myndum sem gefa mynd af væntanlegu húsi, veitingaaðstöðu o.fl.og þeirri stemningu sem umsækjandi hyggst ná í aðstöðunni.
 - Fjárfestingaráætlun, þ.e. hugmyndir um stofnkostnað og fjármögnun byggingar

Gjöld af lóð

Gatnagerðargjöld eru kr. 9.583.569 (miðað við BVT í mars 2024) miðað við að byggt verði 340 m² hús.

Mat umsókna

Garðabær mun meta umsóknir með eftirfarandi hætti:

- Fjárhagslegur styrkur umsækjanda, þ.e. fjárhagslegt bolmagn til þess að standa undir fjárfestingu og rekstri.

2. Mat á hugmyndum um fyrirkomulag byggingar
3. Raunhæfni hugmynda um uppbyggingu, fjárfestingu og rekstur veitingastaðar

Viðræður

Umsækjendum, sem þess óska, verður boðið til viðræðna um nánari skýringa á umsókn sinni og hugmyndum um uppbyggingu. Umsækjendur, sem boðið verður til viðræðna, verða valdir þannig að fyrst verður fjárhagslegt bolmagn þeirra skv. lið 1. í mat umsókna metið og síðan verður umsóknum raðað í samræmi við matsliði 2-3.

Að loknum þessum viðræðum verður leitað samninga við einn úr hópi þessara umsækjanda.

Deiliskipulag

Samkvæmt deiliskipulagi er heimilt að byggja á lóðinni 340 m² hús sem má vera 1-2 hæðir. Samkvæmt lóðarblaði er byggingarreitur 20x17m. Mögulega getur komið til breytinga að deiliskipulagi til að koma á mótis við hugmyndir um hönnun húss og fyrirkomulagi inna lóðar

Umsóknareyðublað

Undirritaður sækir hér með um lóð við Breiðumýri á Álftanesi. Umsækjandi hefur kynnt sér skipulagsskilmála lóðarinnar og framangreinda skilmála um mat á umsóknum og samþykkir þá með undirritun sinni.

Nafn fyrirtækis í forsvari fyrir teyminu :

Kennitala: _____

Heimilisfang : _____

Tengiliður: _____

Sími: _____ Netfang: _____

Með umsókn þessari fylgja þau gögn sem um er beðið í skilmálum umsóknar.

Undirritaður gerir eftirfarandi verðtilboð í byggingarrétt fyrir allt að 300 m² veitingahús á lóðinni:

kr.

kr. í tölustöfum: _____

_____ staður og dagsetning

_____ Nafn (í prentstöfum)

_____ Undirritun